

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga
opinberra starfsmanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. tölulið 29. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður:
Þó skulu ákvæði um kjör sjúkrahúslækna gilda frá 1. ágúst 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar
Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „árin 1961 og 1962“ í 4. mgr. 7. gr. komi: árin 1961, 1962 og 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.